

Nd.

177. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á skilyrðum fyrir rafleiðslu frá Akureyri til Dalvíkur.

Flm.: Garðar Þorsteinsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta sérfræðinga sína rannsaka og gera grein fyrir möguleika á því að leiða rafmagn frá Akureyri til Dalvíkur, um Dagverðareyri og Hjalteyri.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, hefur Akureyrarkaupstaður virkjað Laxárfossa í Suður-Þingeyjarsýslu. Stöðin gefur 2000 hestöfl. Nú hefur Akureyrarbær í hyggju að stækka stöðina um 4000 hestöfl, upp í 6000 hestöfl, og hefur þegar leitað til Alþingis um ábyrgð ríkissjóðs vegna kostnaðar við þessa stækkun aflstöðvarinnar. Auk þess framleiðir Glerárstöðin 300 hestöfl.

Þingsályktunartill. sú, er hér kemur fram, fer fram á, að ríkisstjórnin láti kunnáttumenn sína rannsaka möguleika á því að leiða rafmagn frá Akureyri út um Eyjafjörð til Dalvíkur. — Á leiðinni frá Akureyri eru þrjár sildarverksmiðjur, Krossanesverksmiðjan, Dagverðareyrarverksmiðjan og Hjalteyrarverksmiðjan. Allar þessar verksmiðjur mundu, ef þess væri kostur, nota við sildarvinnsluna rafmagn frá Laxárvirkjuninni um Akureyri. Það má gera ráð fyrir verulegri stækkun þessara verksmiðja í náinni framtíð, auk þess sem herzla lýsis verður væntanlega framkvæmd strax og möguleikar eru á, og eykur það allt notkun raforku. Dalvík er allfjölmennt þorp, með um 400 íbúa. Má gera ráð fyrir, að þar mundi rísa upp iðnaður í sambandi við fiskvinnslu og sildarvinnslu, ef rafmagn væri leitt þangað. Svarfaðardalur er fjölmenn og blómleg sveit, sem einnig mundi leiða til sín rafmagn, ef það þegar væri komið til Dalvíkur. Á leiðinni frá Akureyri til Dalvíkur eru tvö þorp, Litli-Árskógssandur og Hauganes, og er þaðan rekin útgerð í allstórum stíl. Mundi þar einnig geta risið upp nokkur iðnaður, ef rafmagn væri leitt þar um. Möguleikar mundu einnig vera á að leggja rafmagn frá aðallínunni frá Litla-Árskógssandi til Hriseyjar.

Mér virðist, að gera megí ráð fyrir, að ódýrara hljóti að vera að leiða rafmagn frá Akureyri þessa leið heldur en virkja vatnsföll og leiða síðan rafmagn þaðan til þessara staða, en það hlýtur að reka að því fyrr en síðar, að atvinna og lífsafkoma manna á þessum stöðum geri það óumflýjanlegt, að rafmagn verði leitt til þessara hyggðarlaga.

Nú stendur fyrir aukning orkuversins við Laxárfossa, og er því tillaga þessi borin fram nú, svo rannsakaðir verði til fullnustu möguleikar á frekari aukningu orkuversins, ef með þarf, svo að hægt verði að leiða rafmagn út um Eyjafjörð.